

250. Stjórnarfundur FEBRANG 9.9. 2024 kl. 12:00 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Jón Ragnar Björnsson, Ásdís Ólafsdóttir, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson og Finnur Egilsson. Einar G. Magnússon og Margrét Guðjónsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð og Jónu E. Sverrisdóttur að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð fundar 249 frá 26.8. 2024 lesin og samþykkt.
2. Hvað gerðist milli funda.
 - a. Fréttabréf haust 2024:
 - i. Prentuð voru 1.400 eintök og miðað við að borið yrði út á öll heimili í Rangárbíngi.
 - ii. Seldar voru 2 og hálf auglýsing og auglýsingatekjur 145.000 kr.
 - iii. Dreifing hefur gengið nokkuð vel, enn á eftir að bera út blöð í Ásahreppi og Holtum.
 - b. Kaup á tölvubúnaði. Keypt var tölva og prentari fyrir starfsmann.
 - c. Vakin var athygli á málefnum eldri borgara á fundi Samfylkingar um húsnæðis- og kjaramál sem haldin var þann 7.9.2024.
3. Undirbúningur Félags- og fræðslufundar.

Verkefnum skipt á milli stjórnarmeðlima varðandi undirbúning félags- og fræðslufundar.
4. Félags- og fræðslufundur 16.9. kl. 13:30.
 - a. Jón Ragnar Björnsson setur fundinn.
 - b. Jóhann G. Jóhannson: Listin að lifa.
 - c. Kynning á starfi komandi vetrar.
 - i. Handverk. Postulíns- og keramikmálun. Brynja Bergsveinsdóttir
 - ii. Útskurður. Hjálmar Ólafsson
 - iii. Spilin. Svavar Hauksson
 - iv. Boccia. Einar G. Magnússon
 - v. Leiklist. Margrét Tryggvadóttir
 - vi. Árshátíð. Vilborg Gísladóttir
 - d. Kaffihlé.
 - e. Áframhald á kynningu:
 - i. Jólahaðborð. Finnur Egilsson.
 - ii. Dans. Elín Jónsdóttir
 - iii. Skapandi skrif. Ásdís Ólafsdóttir
 - iv. Bókaklúbburinn Skruddur. Jón Ragnar Björnsson.
 - v. Ferðir sumarsins 2025. Svavar Hauksson.
 - vi. Kynning á Færeyjaferð: Gísli Jafetsson.
5. Nefndir mæta:
 - a. Ferðanefnd mætti kl. 12:45. Rætt um ferðir liðins sumars og ferðir næsta sumars kynntar fyrir stjórn. Rætt um ferðaskilmála, ferðanefnd mun leggjast yfir slíka skilmála og leggja síðar fyrir stjórn. Nefndin spurð að því hvort allir nefndarmeðlimir vilji halda áfram á komandi starfsári. Allir vilja halda áfram.

- b. Skemmtinefnd mætti kl. 13:00. Rætt um starfið framundan, fyrsta verkefni nefndarinnar þennan veturinn er á árshátíð félagsins. Einnig var rætt um salarrými fyrir hina og þessa viðburði á vegum félagsins. Nefndin spurð að því hvort allir nefndarmeðlimir vilji halda áfram á komandi starfsári. Nefndarmeðlimir stungu upp á því að nýjir meðlimir gefi kost á sér í nefndina. Vilborg og Þorgerður munu hætta en Kristjana Valdimarsdóttir gefur kost á sér áfram. Sjöfn Guðmundsdóttir boðaði forföll.
- c. Dansnefnd mætti kl. 13:15. Gunnar Marmundsson mun hafa umsjón með dansinum ásamt nefndinni. Rætt um starfið framundan. Nefndin hefur hist til skrafs og ráðagerða. Rætt um að hafa jafnvel harmonikkuleikara í eitthvert skiptið í vetur. Það mun koma í ljós síðar. Einnig var rætt um að hafa kvöldvöku með harmonikkuleik en enn sem komið er þá er það ennþá bara hugmynd. Nefndin spurð að því hvort allir nefndarmeðlimir vilji halda áfram á komandi starfsári. Allir vilja halda áfram en leggja þó til að allt nefndarstarf rúlli á ákveðnum tímapunkti þannig að fleiri félagsmenn fái tækifæri til að taka þátt.

Stjórn þakkar öllum nefndarmönnum kærlega fyrir upplýsandi og góðar umræður.

- 6. FEBRANG leitar nú að nýju og kraftmiklu stjórnarfólki til að taka þátt í spennandi starfi með okkur. Áhugasamir mega gjarnan setja sig í samband við stjórnarmeðlimi eða starfsmann félagsins.
- 7. Merki félagsins sem Sigdís Oddsdóttir hefur hannað var einróma samþykkt.
- 8. Rætt um að gefa út annað fréttabréf um áramótin á prent- eða rafrænu formi.
- 9. Formannafundur félaga á Suðurlandi verður í Vík þann 1.10. n.k. Mælt með að öll stjórnin mæti á þennan fund. Leitað eftir öðru nafni á þessa fundi.
- 10. Næsti fundur 30.9. kl. 13:30. Kynna þá rekstraráætlun 2025.
- 11. Önnur mál. Snjalltækjakennsla. Lagt er til að leitað verði til bankanna vegna stuðnings varðandi snjalltækjakennslu, sérstaklega þar sem mikill fjöldi fólks þarf aðstoð við að komast inn á heimabanka. Umræðu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Fundarritari